

TILBOÐSYFIRLIT



Tilboð

Opinna Kerfa Group hf.

til hluthafa Skýrr hf.

8. júlí 2003

Almennar upplýsingar um tilboðið

Tilboð þetta er unnið í samræmi við 37. gr. laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti, sem og 6. gr. reglugerðar nr. 432/1999 um yfirtökutilboð, líkt og um lögbundna tilboðsskyldu væri að ræða.

Tilboðsgjafi

Opin Kerfi Group hf. (Opin Kerfi Group), kt. 530891-1439, Höfðabakka 9, 110 Reykjavík. Félagið er skráð á Aðallista Kauphallar Íslands hf. undir auðkenninu OPKF.

Félagið og hlutir sem tilboðið tekur til

Skýrr hf. (Skýrr), 590269-7199, Ármúla 2, 108 Reykjavík. Félagið er skráð á Aðallista Kauphallar Íslands hf. undir auðkenninu SKRR. Tilboðið tekur til allra hluta í Skýrr sem ekki eru fyrir í eigu Opinna Kerfa Group og Opinna Kerfa Eignarhaldsfélags ehf. Eignarhlutur Opinna Kerfa Group og Opinna Kerfa Eignarhaldsfélags ehf. þann 8. júlí 2003 var 196.227.431 kr. eða 74,5% hlutafjár en heildarhlutafé Skýrr er 263.361.022 kr.

Umsjónaraðili

Íslandsbanki hf., kt. 550500-3530, fyrirtækjapróun, Kirkjusandi, 155 Reykjavík, hefur umsjón með tilboði þessu fyrir hönd Opinna Kerfa Group.

Tilboðsverð og greiðsluskilmálar

Verð samkvæmt tilboði þessu miðast við gengið 6,5 fyrir hverja krónu nafnverðs hlutafjár í Skýrr. Hlutaféð verður greitt með afhendingu nýrra hluta í Opnum Kerfum Group. Skiptigengið er 0,326983 kr. hlutafjár í Opnum Kerfum Group á móti 1 kr. hlutafjár í Skýrr. Verð og skilmálar eru í samræmi við samninga Opinna Kerfa Group við fimm hluthafa um kaup á hlutum þeirra í Skýrr í lok júní sl., samtals að nafnverði 63.375.475 kr. eða 24,06% af útgefnu hlutafé í félaginu. Kaup hlutafjárins samsvara hæsta gengi sem Opin Kerfi Group hefur greitt fyrir hluti í félaginu síðastliðna sex mánuði.

Fyrirvarar

Tilboð þetta er, líkt og samningar þeir sem gerðir voru við fimm hluthafa í lok júní sl., sett fram með fyrirvara um samþykki hluthafafundar Opinna Kerfa Group á yfirtöku félagsins á Skýrr. Hluthafafundur Opinna Kerfa Group verður haldinn í lok júlí nk.

Hlutafé í Opnum Kerfum Group hf.

Heildarhlutafé í Opnum Kerfum Group er 258.343.750 kr. Stjórn félagsins er heimilt að afla félaginu allt að 500 m.kr. með útgáfu og sölu nýs hlutafjár á tímabilinu 1. janúar 2003 til 31. desember 2004 á gengi sem stjórnin ákveður. Hluthafar falla frá forkaupsrétti að þessum aukningarhlutum. Aukningunni má eingöngu ráðstafa til að standa við skuldbindingar félagsins um verðmæti hluta félagsins í tengslum við kaup á öðrum félögum.

Eigin hlutir félagsins nema 1.096.205 kr. að nafnverði, eða sem nemur 0,42% af útgefnu hlutafé í félaginu. Hlutir í Opnum Kerfum Group eru allir í einum flokki og jafnréttáir. Ekki hafa verið tekin lán með skilmálum sem snerta hlutafé í félaginu. Engar hömlur eru lagðar á meðferð hlutafjár í félaginu. Opin Kerfi Group greiðir arð í samræmi við afkomu félagsins. Á aðalfundi þann 6. mars 2003 var samþykkt að greiða til hluthafa 10% arð af nafnverði hlutafjár vegna ársins 2002 og var hann greiddur út í mars sl.

Framtíðaráætlanir Skýrr hf.

Í framhaldi af samningum Opinna Kerfa Group um kaup á um 24% hlut í Skýrr og áætluðum frekari kaupum í tengslum við þetta tilboð er stefnt að því að taka hluti Skýrr af skrá Aðallista Kauphallar Íslands. Gangi það eftir verður ekki hægt að eiga viðskipti með hluti félagsins í Kauphöll Íslands sem getur haft í för með sér að dragi úr viðskiptum og virkri verðmyndun með hluti í Skýrr.

Staða Skýrr innan samstæðunnar, Opinna Kerfa Group, verður sú hin sama og verið hefur, þ.e. félagið verður áfram rekið sem dótturfélag innan samstæðunnar. Þegar þetta tilboðsyfirlit er lagt fram eru ekki uppi áform um breytingar á starfsemi Skýrr, hvorki hvað varðar samþykktir né skipulag félagsins.

Afhending hlutafjár

Að loknum fresti til að samþykkja tilboðið verða gefnir út nýir hlutir í Opnum Kerfum Group til að mæta kaupum á hlutum þeirra hluthafa í Skýrr sem samþykkja tilboðið. Hlutirnir verða samhliða skráðir í Kauphöll Íslands. Stefnt er að því að skiptin fari fram í kerfi Verðbréfasráningar Íslands hf. eigi síðar en föstudaginn 22. ágúst 2003. Frá þeim tíma hafa hluthafar sem réttilega hafa afhent hluti sína í Skýrr fulla heimild til ráðstöfunar hluta sinna í Opnum Kerfum Group og geta neytt allra þeirra réttinda sem hlutunum fylgja. Skiptin eru hluthöfum að kostnaðarlausu.

Rafræn skráning og skipti á hlutum

Hlutir Skýrr og Opinna Kerfa Group eru rafrænt skráðir í kerfi Verðbréfasráningar Íslands hf. Til að skipta á hlutum í Skýrr fyrir hluti í Opnum Kerfum Group er æskilegt að hluthafar eigi VS-reikning og vörslureikning hjá reikningsstofnun sem hefur gert aðildarsamning við Verðbréfasráningu. Reikningsstofnanir eru viðskiptabankar, sparisjóðir, aðrar lánastofnanir og fyrirtæki í verðbréfaþjónustu. VS-reikningur er stofnaður fyrir milligöngu reikningsstofnunar í kerfi Verðbréfasráningar Íslands hf. en á vörslureikningi hjá reikningsstofnun er haldið utan um verðbréfaeign, viðskipti og arðgreiðslur til hluthafa.

Varsla og frekari viðskipti með hluti

Til þess að fá aðgang að rafrænum bréfum sínum hjá Verðbréfasráningu og eiga frekari viðskipti með þau, er **nauðsynlegt** að eiga VS-reikning og vörslureikning hjá reikningsstofnun.

Þeir hluthafar sem óska eftir að stofna VS-reikning og/eða vörslureikning er vinsamlega bent á að snúa sér til einhvers af útibúum Íslandsbanka hf. eða til Íslandsbanka - Eignastýringar, Kirkjusandi 2, Reykjavík (sími 440 4900). Þó skal tekið fram að hluthafar geta snúið sér til hvaða reikningsstofnunar sem er til þess að stofna VS-reikning og láta annast vörslu verðbréfa.

Tilboðshafar

Allir hluthafar, samkvæmt hlutaskrá Skýrr í lok dags 7. júlí 2003, fá sent tilboðsyfirlitið og eyðublað til samþykkis tilboði. Einnig er hægt að nálgast gögnin hjá Íslandsbanka hf., 3. hæð, Kirkjusandi, 155 Reykjavík á vefsíðu bankans www.isb.is.

Gildistími tilboðsins

Tilboð þetta gildir frá 12. júlí 2003 til kl. 16:00 mánudaginn 11. ágúst 2003. Samþykki tilboðsins verður að hafa borist á meðfylgjandi eyðublaði, fyrir þann tíma, til Íslandsbanka hf., 3. hæð, Kirkjusandi, 155 Reykjavík.

Innlausn hlutfjár

Skv. 24. og 25. gr. laga nr. 2/1995 um hlutfélög getur hluthafi sem á meira en 9/10 hluta hlutfjár í félagi krafist þess að aðrir hluthafar sæti innlausn á hlutum sínum í félaginu.

Upplýsingaskylda

Opnum Kerfum Group og Skýrr ber sem skráðum félögum að gera þegar í stað opinberar allar upplýsingar um öll atriði sem máli skipta og telja verður að geta haft áhrif á verð hluta félaganna, sbr. 24. gr. laga nr. 34/1998 um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða.

Hluthöfum er bent á að skv. 1. mgr. 23.gr. laga nr. 33/2003 um verðbréfiðskipti felur yfirtökutilboð þetta ekki í sér skyldu til útgáfu útboðslýsingar. Í kjölfar skráningar hlutfjárauðningar Opinna Kerfa Group hf. í Kauphöll Íslands í tengslum við yfirtökutilboð þetta, verður skráningarlýsing birt. Af þeim sökum er hluthöfum Skýrr hf. sérstaklega bent á að **upplýsingar í skjali þessu eru ekki tæmandi og ber hvorki að líta skjalið sem útboðs- né skráningarlýsingu**. Hluthafar eru hvattir til að kynna sér fréttir og tilkynningar um félögin sem birtar eru í Kauphöll Íslands.

Reykjavík, 8. júlí 2003

f.h. Opinna Kerfa Group hf.

Íslandsbanki hf.

